

## AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 64 5. febrúar 1974, sbr. auglýsingu nr. 333 4. júní 1982.**

3. tl. B-liðar 36. gr. fellur niður. Í hans stað bætist nýr liður, 12. tl., við A-lið 36. gr. svohljóðandi:

„Fimm menn í íþróttaráð.“

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi 1. júní 1983.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 19

12. janúar 1983

## REGLUGERÐ

**um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.**

Aftan við lið 3.1.1. bætist svohljóðandi málsgrein:

Áður en leyfi er veitt fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða breytingu á húsi í þegar byggðu hverfi, eða verulegri breytingu á notkun húss, skal nágrönnum, sem bygginganefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd innan mánaðar. Bygginganefnd getur þó veitt lengri frest ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 20

14. janúar 1983

## AUGLÝSING

**um breytingu á Samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.**

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 12 200,00 á ári. Gjald dagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um veitingu leyfis til dýralækninga.

#### 1. gr.

Dýralæknar sem lokið hafa prófi við dýralæknaháskóla, sem landbúnaðarráðuneytið viðurkennir, og óska eftir leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi, sbr. lög 77/1981 um dýralækna, skulu senda skriflega umsókn ásamt prófvottorðum og vottorðum um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fullnægt til landbúnaðarráðuneytisins.

Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til dýralækninga á Íslandi að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

#### 2. gr.

Dýralæknakandidat, sem óskar eftir dýralækningaleyfi, skal á síðasta námsári eða að prófi loknu, ljúka eftirfarandi áður en sótt er um leyfi:

- a) Starfa um sex vikna skeið undir haldleiðslu héraðsdýralæknis eða héraðsdýralækna.
- b) Starfa í fjórar vikur undir handleiðslu dýralæknis við stofnun, sem nefnd sú er starfar skv. 3. gr. hefur viðurkennt.
- c) Kynna sér sérstaklega búfjársjúkdóma sem algengir eru hér á landi og sögu þeirra.
- d) Kynna sér ítarlega helstu lög og reglur sem varða starfsemi dýralækna, svo sem um heilbrigðiseftirlit, smitsjúkdóma búfjár, innflutning búfjár, lyfjamál, dýraverndarmál, réttindi og skyldur dýralækna, starfsreglur þeirra og gjaldskrá.

Yfirdýralæknir skal, að höfðu samráði við nefnd þá er starfar skv. 3. gr., jafnan hafa tiltæka skrá yfir lesefni og annað sem dýralæknakandidat þarf að kynna sér skv. c)- og d)-lið þessarar greinar.

#### 3. gr.

Þrjú dýralæknar, einn tilnefndur af yfirdýralækni, annar af landbúnaðarráðuneytinu og sá þriðji af Dýralæknafélagi Íslands, skulu sannreyna þekkingu skv. c)- og d)-lið 2. gr. og meta hvort hún telst fullnægjandi. Skal það staðfest með vottorði. Afrit af vottorðinu skal sent yfirdýralækni.

#### 4. gr.

Nú kemur í ljós við próf skv. 3. gr., að dýralæknakandidat hefur ekki kynnt sér þau mál sem um getur í c)- og d)-lið 2. gr. svo að viðhlítandi verði talið og skal honum þá gefinn frestur til frekari undirbúnings, þó eigi lengri en sex vikur, áður en þekking hans er reynd á nýjan leik.